

57. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
58. Schulz, Johanna, vörukona á Vífilstöðum, f. í Þýzkalandi 4. marz 1899.
59. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.
60. Stephensen, Gunnlaugur Hans, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Kanada 12. febrúar 1925.
61. Strömmen, Bjarni Jóhann, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. apríl 1951.
62. Strömmen, Grétar Sævar, barn, Akureyri, f. á Íslandi 23. október 1948.
63. Strömmen, Margrét, barn, Akureyri, f. á Íslandi 19. apríl 1954.
64. Strömmen, Róbert, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. marz 1947.
65. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
66. Tausen, Tryggvi, matsveinn, Bifröst í Borgarfirði, f. í Færeyjum 19. ágúst 1933.
67. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
68. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
69. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
70. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.
71. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
72. Zsibók, József, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 9. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAPÍTULI**Tollskráin o. fl.**

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum og skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá:**Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.**

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur það til álita skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því, sem hér segir:
 - a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
 - b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helzt einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
 - c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í a eða b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.